



Ofnæmislyf

Bl.1

Samkvæmt tölfræðigagnagrunni TR fengu 16.400 einstaklingar lyfseðil á ofnæmistöflur árið 2007. Kostnaður TR vegna þeirra lyfja nam tæpum 30 milljónum króna.

Áætla má að mun fleiri einstaklingar hafi fengið ofnæmislyf, þar sem þessar upplýsingar ná ekki yfir þau lyf sem keypt eru í lausasölu.


Mynd 1 sýnir fjölda einstaklinga sem fengu ávísun á ofnæmislyf flokkað eftir aldri. Stærsti hópurinn er á aldrinum 20-50 ára og flestir þeirra fá einnig ávísun á nefúða. Mun sjaldgæfara er að einstaklingar fái augndropa líka.

Tafla 1. Verð á ofnæmistöflum ávísað á lyfseðli

Lyf - töflur:	30 stk.	100 stk.
<i>fenýlpróp.</i> (Rinexin 50 mg) *	628 kr.	1.401 kr.
<i>cýpróheptadín.</i> (Periactin 4mg) *		1.938 kr.
<i>dexklórfeníram.</i> (Polaramin 6mg) *		3.528 kr.
<i>klemastin</i> (Tavegyl 1 mg) *		4.093 kr.
<i>lórátadín</i> (Loritin 10 mg)	1.678 kr.	3.892 kr.
<i>cetirizin</i> (Histasín 10mg)	1.480 kr.	4.097 kr.
<i>ebastin</i> (Kestin 10 mg)	2.557 kr.	6.308 kr.
<i>deslórátadín</i> (Aerius 5 mg)	3.109 kr.	6.261 kr.
<i>lórátatín</i> (Clarytin 10 mg)	2.946 kr.	7.325 kr.
<i>féxófenadín</i> (Telfast 120mg)	2.934 kr.	8.085 kr.
<i>féxófenadín</i> (Telfast 180mg)	3.727 kr.	9.175 kr.
<i>ebastin</i> (Kestin 20mg)	4.243 kr.	11.197 kr.
<i>lórátadín/pseudoef.</i> (Clarínase 10 mg)	4.191 kr.	13.970 kr.

* meðal skammtur er > 1 tafla á dag; (Rinexin : 1x2), (Periactin 4-20mg á dag) (Polaramin 1x2), (Tavegyl 1x2).

Mynd 1. Fjöldi einstaklinga á ofnæmislyfjum



Hafa ber í huga að verð á lausölu-lyfjum getur verið breytilegt eftir apótekum.

Tafla 1 sýnir mismundi verð á ofnæmistöflum sem ávísað er með lyfseðli miðað við 30 daga og 100 daga skammt. Verð miðast við lyfja-verðskrá maí 2008 (<http://www.lgn.is>).

Samkvæmt lyfjalistanum "Kloka Listan" í Stokkhólmi er mælt með cetirizin og loratadin sem fyrsta vali gegn ofnæmi (<http://www.janusinfo.se>).

Eftirfarandi ofnæmislyf eru fánleg í lausasölu:

- cetirizin (Histasín 10 mg, 10 stk.)
- lórátadín (Loritin og Clarytin 10 mg, 10 stk.)
- lórátadín (Clarytin 1 mg/ml, mixtúra 100ml)
- ebastin (Kestin 10 mg, 10 stk., 30 stk.)
- ebastin (Kestin 20 mg, 10 stk.)
- levókabastín (Livostin augndr. 4 ml)
- ketótífen (Zaditen 0,4 ml, 20 sk.)
- levókabastín (Livostin nefúði 15 ml)

Þegar ofnæmislyfjum er ávísað á lyfseðli þá er heimilt að ávísa 100 daga skammti. Einstaklingur greiðir að hámarki 4.950 kr. og elli/örorkulífeyrisþegi greiðir að hámarki 1.375 kr. Greiðsluþátttaka miðast ávallt við viðmiðunarverð.

Tafla 2 sýnir mismunandi verð á augnlyfjum gegn ofnæmi/ofnæmisbólgu í augum. Rúmlega fjögur þúsund einstaklingar fengu ávísað á þessi lyf.

Tafla 2. Verð á augnlyfjum gegn ofnæmi/ofnæmisbólgu				
Lyf - augndropar:	ml	Verð/afgr. **	Ráðlagður skammtur	Kostnaður á dag
<i>naftazólín</i> (Antistina-Privin)	10 ml	1.239 kr./R	1-2dr *2-5	41 kr. - 71 kr.
<i>emedastín</i> (Emadine)	5 ml	1.649 kr./R	1dr*2	66 kr.
<i>ólópatadíni</i> (Opatanol)	5 ml	1.732 kr./R	1dr*2	69 kr.
<i>natríumkrómóglíkat</i> (Lomudal)	13,5 ml	2.179 kr./R	1-2dr*4	72 kr.- 129 kr.
<i>nedókrómílantríum</i> (Tilavist)	5 ml	2.389 kr./ R	1 dr*2-4	79 kr. - 142 kr.
<i>levókabastín</i> (Livostin)	4 ml	1.929 kr./ L	1dr*2	96kr.
<i>ketótífen</i> (Zaditen)	5 ml	2.899 kr./R	1dr*2	115 kr.
<i>ketótífen</i> (Zaditen)	0,4 ml=> 60sk.	8.018 kr./R	1dr*2	267 kr.
<i>ketótífen</i> (Zaditen)	0,4 ml=> 20sk.	3.519 kr./ L	1dr*2	352 kr.

** **L**(lausasala)/ R (lyfseðilsskylt lyf)

Tafla 3. Verð á nefúða gegn ofnæmi/ofnæmisbólgu				
Lyf - nefúði:	ml	Verð/afgr. **	Ráðlagður skammtur	Kostnaður á dag
<i>flútikasónfúróati</i> (Avamys)	27.5 mcg/sk 120 sk.	2.289 kr. / R	2 úðar *1 1 úði *1	76 kr. 38 kr.
<i>flútikasón</i> (Flixonase)	50 mcg/sk - 16ml =120 sk.	2.306 kr. / R	2 úðar *1	77 kr.
<i>tríamsínólón</i> (Nasacort)	55 mcg/sk 16,5ml =120 sk.	2.934 kr/ R	2 úðar *1 1 úði *1	98 kr. 49 kr.
<i>levókabastín</i> (Livostin)	0,5mg/sk 15ml	2.888 kr. / L	2 úðar * 2	154 kr
<i>mómetasón</i> (Nasonex)	50mcg/sk. 140 sk.	2.910 kr./R	2 úðar * 2 1 úði * 2	166 kr. 83 kr.
<i>natríumkrómóglíkat</i> (Lomudal nasal)	5,2 mg/sk. 100 sk.	3.873 kr./R	1 úði *2 - 4	155 kr. 310 kr.

** **L**(lausasala)/ R (lyfseðilsskylt lyf)

Tvær tegundir augndropa er hægt að kaupa án lyfseðils; levókabastín (Livostin) og ketótífen (Zaditen).

Þar sem augndropar eru oftast notaðir sem viðbótarmeðferð við ofnæmi má áætla að hluti þeirra einstaklinga sem eru á töflumeðferð hafi einnig notað augndropa í lausasölu.

Tafla 3 sýnir verð á mismunandi nefúðalyfjum gegn ofnæmi og/eða ofnæmisbólgu. Kostnaður pr. skammt lækkar til muna þegar farið er að nota viðhaldsskammt.

Árið 2007 fengu um 14.200 einstaklingar ávísuð ofnæmislyfi til úðunar í nef, en þessi lyf eru einnig ávísuð sem viðbótarmeðferð með sýklalyfjum vegna sýkinga í nefholi.

Heildarkostnaður Tryggingastofnunar var rúmar 40 milljónir króna vegna þessara lyfja. Livostin er eini nefúðinn sem fánlegur er í lausasölu.

Ýmsar greinar um ofnæmi má finna hjá Institut for Rationel Farmakoterapi í Danmörku:

http://www.irf.dk/dk/publikationer/rationel_farmakoterapi/maanedssblad/2001/antihistaminer_02.htm

http://www.irf.dk/dk/publikationer/rationel_farmakoterapi/maanedssblad/2003/allergisk_rhinitis.htm

http://www.irf.dk/dk/publikationer/rationel_farmakoterapi/maanedssblad/2000/hoefeberrhinitis.htm

http://www.irf.dk/dk/publikationer/rationel_farmakoterapi/maanedssblad/2006/farmakologisk_behandling_af_allergiske_l.htm

Skynsamleg ávísun lyfja stuðlar að lægri lyfjakostnaði.